

# Skólaráðsfundur 1. október. 2012

Fundinn sátu: Málfríður Mjöll Finnsdóttir, Benedikt Máni Finnsson, Íris Dröfn Brynjólfsdóttir, Herdís R. Reynisdóttir, Þórunn Björk Einarsdóttir, Linda Traustadóttir, Ingibjörg Anna Björnsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson.

*Byrjað var á því að fara yfir hlutverk skólaráðs fyrir nýja meðlimi. Skipun ráðsins útskýrð. Reglugerð um skólaráð við grunnskóla útbýtt og yfirfarin.*

## 1. Nýtt starfsár, nýjir starfsmenn og starfsáætlun.

Gera þarf starfsáætlun fyrir skólaráð. Eins þarf að fara yfir stefnu um tengsl við grendarsamfélagið í umhverfi skólans (t.d. Silfurtún, MS og fl.)

Drög að starfsáætlun lögð fram af Eyjólfvi skólastjóra.

- Tímalína, fundir ca. fimm talsins, tímasetning gróflega niður sett. Samþykkt.
- Umfjöllunarefni funda framundan rædd.
- Samkvæmt reglugerð ætti skólaráð að halda a.m.k. einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins. Skólaþing síðasta skólaárs myndi líklegast flokkast undir það. Rætt um niðurstöður og gagnsemi skólaþingsins. Einnig hvernig hægt yrði að framkvæma þetta í framtíðinni. Hugmyndir um að halda fundi og bæta við fræðslu. Jafnvel að fá fyrirlesara.

Starfsáætlun samþykkt með viðbót um að tekin verði fyrir “rekstrarniðurstaða” á fjórða fundi.

## 2. Teikningar vegna viðbyggingar við leikskóla – til umsagnar.

Farið var yfir ferlið og hugmyndir sem liggja að baki núverandi teikningunum. Starfsmenn leikskóla hafa mótmælt staðsetningu viðbyggingar og vilja hafa hana norðan megin til að fórna ekki leiksvæði og skjóli sem myndast við núverandi byggingu. Áhersla á að stækkun leikskólans þýðir ekki að deildum sé að fjölgað í þrjár. Byggaðráð hefur afgreitt teikningar til útboðs og beið því ekki eftir umsögnum skólaráðs. Ekki er með öllu víst hversu mikil fjölgun á plássum í leikskólanum þessi stækkun hefur í för með sér.

*Umsögn skólaráðs: Skólaráð harmar að ekki hafi verið tekið tillit til ábendinga og umsagnar starfsfólks á leikskóla að hafa viðbygginguna norðan megin. Skólaráð leggur áherslu á að gott skjól og leiksvæði verði gert sunnan megin til jafns við það sem glatast.*

### 3. Breyting á tölvumálum skólans – kynning á stöðu.

Skólastjóri kynnti skólaráði kaup á tölvum, skjávörpum og þráðlausu neti. Nýtt tölvuver tekið í notkun. Nokkrir byrjunarhnökrar sem verið er að vinna í. Á næsta ári verður farið betur í tölvumálin í leikskólanum.

### 4. Framkvæmdir í skólanum – kynning á stöðu

Miklar framkvæmdir eru í gangi:

- Skólalóðin átti að klárast seinni partinn í september, en er ekki enn lokið.
- Framkvæmdir í smíðastofu hófust uppúr miðjum ágúst og átti að ljúka 1. október, en er enn ekki lokið. Villa kom upp í teikningum sem þurfti að laga. Óljóst er um verklok, gætu orðið vikur til viðbótar og þá gætu einhverjir misst af smíðakennslu sinni í vetur.
- Í Dalabúð getur vinna við gluggaskipti haft áhrif á hreyfistundir hjá leikskólabörnum.
- Nýtt brunakerfi í grunnskóla var sett upp og klárað í sumar.

### 5. Önnur mál

**a.** Foreldrafulltrúar komu með fyrirspurn um hvernig komið væri til móts við börn með fæðuóþol. Stefna skólans er sú að vottorð berst um fæðuóþol, þá beri skólanum að koma til móts við barnið með öðru fæði.

**b.** Foreldrafulltrúar benti á að í september hefur leikskólinn oftast en einu sinni ekki opnað á réttum tíma en á sama tíma séu foreldrar rukkaðir fyrir ef þeir koma nokkrum mínútum of seint að sækja börnin sín. Skólastjóri ítrekaði að óásættanlegt væri að skólinn opnaði ekki eins og gert er ráð fyrir. Taldi hann að veikindi starfsmanns hefðu hugsanlega haft áhrif hér á.

Fundi slitið.

*Þórunn B. Einarsdóttir*